



Upplýsingaöryggisstefna Vesturbyggð

Tilgangur

Samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 ber Vesturbyggð¹ að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Upplýsingaöryggisstefna þessi lýsir áherslum sveitarfélagsins á upplýsingaöryggi og öruggri meðferð ganga og upplýsinga í vörslu og eigu sveitarfélagsins. Verja þarf persónuupplýsingar hjá sveitarfélaginu fyrir öllum ógnum, bæði innri og ytri, og gildir einu hvort þær ógnanir stafi af ásetningi eða gáleysi. Með þessari stefnu geta starfsmenn, viðskiptavinir og aðrir treyst ásetningi Vesturbyggðar til að standa vörð um öryggi persónuupplýsinga, m.t.t. til leyndar, réttleika og tiltækileika.

Umfang

Upplýsingaöryggisstefna þessi nær til umgengni og vistunar allra persónuupplýsinga í vörslu Vesturbyggðar. Hún tekur til innri starfsemi sveitarfélagsins og þeirri þjónustu sem Vesturbyggð veitir viðskiptavinum sínum, þ.m.t. allra innri kerfa, hug- og vélbúnaðar í eigu og undir fullri stjórn Vesturbyggðar. Jafnframt tekur hún til húsnæðis þar sem persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar, starfsmanna og samningsbundinna aðila sem aðgang hafa að upplýsingunum.

Stefna Vesturbyggðar í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til allra þjónustuaðila sem veita sveitarfélaginu þjónustu.

Markmið

Markmið sveitarfélagsins með upplýsingaöryggisstefnu þessari er að:

¹ Hér eftir Vesturbyggð eða „sveitarfélagið“.



- Persónuupplýsingar séu réttar og aðgengilegar þeim sem aðgangsheimild hafa.
- Leynd persónuupplýsinga og trúnaði sé viðhaldið í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.
- Persónuupplýsingar séu varðar gegn skemmdum, eyðingu eða uppljóstrun, án tillits til þess hvort það komi til vegna ásetnings eða gáleysis.
- Persónuupplýsingar sem fara um kerfi sveitarfélagsins komist til réttis viðtakanda, óskaddaðar og á réttum tíma.
- Að áhætta sem fylgir því að vinna með persónuupplýsingar sé innan skilgreindra áhættumarka.
- Að fylgja öllum lögum, reglugerðum og almennum reglum sem varða meðferð persónuupplýsinga.
- Fylgja öllum samningum sem sveitarfélagið er aðili að og varða vernd persónuupplýsinga.
- Að frávík, brot eða grunur um veikleika í upplýsingaöryggi séu tilkynnt og rannsökuð.
- Unnið sé að stöðugum umbótum þegar kemur að upplýsingaöryggi.

Leiðir að markmiði

Leiðir sveitarfélagsins að framangreindum markmiðum eru að:

- Halda skrár yfir upplýsingaeignir þar sem finna má persónuupplýsingar, hvort sem þær eru á rafrænu formi eða á pappír, og flokka þær eftir eðli og mikilvægi leyndar.
- Greina reglulega, með formlegu áhættumati og innri úttektum, þá áhættu sem vinnsla persónuupplýsinga getur haft í för með sér fyrir einstaklinga. Einnig til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf og meta tækifæri til stöðugra umbóta.
- Framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir frelsi og réttindi einstaklinga, svo sem þegar til stendur að taka ný kerfi í notkun sem hýsa eða vinna persónuupplýsingar að öðru leyti.
- Viðhalda gæðahandbók með verklagsreglum og verkferlum vegna vinnslu persónuupplýsinga.
- Allir starfsmenn sveitarfélagsins fái reglulega þjálfun og fræðslu varðandi öryggi persónuupplýsinga og um þá ábyrgð sem á þeim hvílir.



- Starfsmenn og þjónustuaðilar sveitarfélagsins eru hvattir til að tilkynna upplýsingaöryggisatvik og -frávik sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla sífellt að stöðugum umbótum.
- Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál sveitarfélagsins, ytri aðila eða annarra starfsmanna.
- Tryggja að afrit af persónuupplýsingum sé til og varðveitt á öruggan hátt.
- Persónuverndarfulltrúi sjái um að upplýsingaöryggis- og persónuverndarmál séu skv. reglum.

Ábyrgð

- Bæjarstjórn Vesturbyggðar ber ábyrgð á þessari upplýsingaöryggisstefnu og endurskoðar hana reglulega.
- Bæjarstjóri Vesturbyggðar er ábyrgur fyrir framkvæmd stefnunnar.
- Umsjónarmaður öryggismála sér um daglega stjórnun upplýsingaöryggis.
- Persónuverndarfulltrúi skal sjá til þess að starfsfólk hljóti viðeigandi fræðslu um öryggi persónuupplýsinga.
- Öllum starfsmönnum Vesturbyggðar ber að vinna samkvæmt upplýsingaöryggisstefnunni. Þeim ber að tilkynna öryggisfrávik og veikleika sem varða upplýsingaöryggi. Þeir sem ógna upplýsingaöryggi Vesturbyggðar af ásettu ráði eiga yfir höfði sér málshöfðun eða aðrar viðeigandi lagalegar aðferðir.
- Allir starfsmenn Vesturbyggðar eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.

Endurskoðun

Þessa stefnu skal endurskoða árlega og oftar ef þörf krefur til að tryggja að hún samrýmist markmiðum sveitarfélagsins.

Samþykki

Samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 20.04.2022.